

Ed.

99. Frumvarp

til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Í stað embætta bæjarfógeta og núverandi lögreglustjóra í Reykjavík komi þessi embætti: Lögmannsembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Undir lögmann komi þessi störf: Dómsmál önnur en saka- og lögreglumál. Skiftamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, nótariálgærðir, yfirfjár-ráð ólöggráðra, borgaraleg hjónavigsla, hjónaskilnaðarmál, dómkvaðning manna og skipun þeirra opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af bæjarfógeta. Afgreiðsla leyfisbrjefa til að sitja í óskiftu húsi. Kosningar til Alþingis.

3. gr.

Lögreglustjóri hefir á hendi: Lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og að leggja dóm á þau. Strandmál, lögskráning skips-hafna, mæling og skrásetning skipa. Heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabrjef, úrskurðun fátækramála, umsjón hegningarhússins í Reykjavík. Útnefning mats-manna og skoðunarmanna utan rjettar, afgreiðslu leyfisbrjefa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóta, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, hlunninda og aflaskýrslur og manntal í Reykjavík.

4. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæslu, aðalinnheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Slysatryggingarinnar, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, svo og innheimtu annara gjalda, sem lögreglustjóri hefir innheimt hingað til og ekki eru falin lögreglustjóra samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hvernig skift skuli milli lögreglustjóra og tollstjóra störfum þeim, er fylgt hafa núverandi lögreglustjóraembætti og ekki eru sjerstaklega talin í 3. og 4. gr., og hver störf skuli falla undir embætti lögreglustjóra af þeim, sem hnigið hafa undir núverandi bæjarfógeta-embætti, en eigi eru nefnd í 2. og 3. gr.

6. gr.

Verslunarstaðurinn að Skildinganesi við Skerjafjörð heyrir að öllu leyti undir umdæmi Reykjavíkur um tollgæslu og lögreglustjórn.

7. gr.

Um framkvæmd tollgæslu, hve margir skuli tollverðir og um skil á innheimtum gjöldum, skipar fjármálaráðherra fyrir um með reglugerð, svo og um endurgjald það, er um ræðir í 2. gr. 1. mgr. 3. másl. laga nr. 75/1921, um stimpilgjald, og um innheimtulaun af uppboðsandvirði.

8. gr.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Kostnaðurinn við rekstur þessara embætta greiðist úr landssjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, skulu renna í rikissjóð. Almannaþje, sem embættismenn þessir geyma, skal ávaxtað til hagnaðar fyrir eigendur þess.

9. gr.

Rjett eiga umræddir embættismenn til að fá sjer skipaða fulltrúa til að framkvæma sjerstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

10. gr.

Lög nr. 26, 26. okt. 1917, um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um sjerstaka tollgæslu í Reykjavíkurkaupstað, eru úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928. Frá sama tíma eru bæjarfógetaembættið og núverandi lögreglustjóraembætti í Reykjavík lögð niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skifting bæjarfógetaembættisins 1917 var nauðsynjaráðstöfun, því að þá var svo komið, að sjálfur gat bæjarfógeti ekki haft eftirlit með tollgæslunni, það starf var að öllu leyti falið fulltrúa, og löggæslan varð mjög útundan. Þá kom það þegar til orða, hvort tví- eða þrískifta ætti embættinu. Tvískiftingin þótti nægileg um sinn, en ágreiningur reis um það, hvernig ætti að skifta, hvort lögreglustjórnin skyldi framvegis fylgja bæjarfógetaembættinu, eða hvort hún ætti að vera sameinuð tollgæslunni og gjaldheimtustörfunum. Hið síðara varð að lögunum. Hagkvæmi þessa skipulags hefir þó frá upphafi orkað mjög tvímæla. Störf embættanna hafa aukist mjög síðan 1917, en yfir þau hefir orðið komist með þeim hætti að auka stöðugt við starfsmönnum. Þessi starfsmannaaukning hefir að litlu leyti bætt úr göllum á skipulagi löggæslunnar og lögreglustjórnar og alls ekki að því er tekur til rannsóknar saka- og lögreglumála. Meðferð þessara mála er í rauninni enn sem fyr aukastarf, og það hlutað í sundur milli núverandi embætta, til óhagræðis fyrir beina og brotaminsta úrlausn málanna.

Frá 1917 og til þessa dags hefir Reykjavík vaxið meira en þá mátti bú-

ast við, úr ca. 15 þús. í 23 þús. íbúa, og hraðvex íbúatalan á næstunni, ef alt fer með feldu. Eykst því stöðugt þörfin fyrir tryggja rjettargæslu og lögreglustjórn; er þetta frumvarp fram komið til að bæta úr þessari þörf.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum dómsmálaráðherra og samið að tilhlutun hans.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram.

Um 1. gr.

Til þess að koma skipulagsbreytingunni í viðunanlega rjett horf, þarf að leggja niður núverandi embætti. Um heiti hinna 3ja embætta, sem koma í staðinn, þarf ekki að fjölyrða. Lögmannsheitið er þjer á öldungis rjettum stað sem og lögreglustjóraembættið. Viðkunnanlegra hefði verið að kalla hið þriðja skattstjóraembætti, en með því að það heiti er á öðru starfi, þykir ekki annað embættisheiti viðfeldnara og einkenna embættið betur en tollstjóranafrnið.

Um 2. gr.

Í greininni eru taldar höfuðstarfsgreinir þær, er hníga undir lögmann. Taka mætti fram berum orðum fleiri störf, en þykir óþarft, enda falið dómsmálaráðherra að kveða nánara á um þetta samkv. 5. gr. Í greininni er svo fyrir mælt, að saka- og lögreglumál komi ekki til aðgerða lögmanns, og verður gerð grein nokkur fyrir þessu við 3. gr. Annars þarf greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hjer er höfð hin sama aðferð um upptalning aðalstarfsgreina sem í 2. gr. Í greininni er svo kveðið á, að lögreglustjóri fari með dómsvald í saka- og lögreglumálum. Skifting bæjarfógetaembættisins 1917 var ekki gerð í þeim tilgangi, að rannsókn og meðferð opinberra mála yrði betur borgið með hinu nýja skipulagi, heldur þótti skifting starfa milli embætta jafnari með þeim hætti, er að lögum varð, í stað þess að láta lögreglustjórastörfin fylgja bæjarfógetaembættinu. Nú hefir svo reynst undanfarið, að afskifti lögreglufulltrúans af rannsókn mála — lögreglustjóri hefir hana ekki sjálfur með höndum — hefir að litlu leyti ljett eftirfarandi rjettarrannsókn, en haft í för með sjer auknar skriftir og nokkra tóf. Rannsókn mála undir gildandi rjettarfarslögum virðist heppilegast fyrir komið á þann hátt, að hún sje frá upphafi til enda undir yfirstjórn og í höndum eins og sama embættismanns, og hún verður að fara fram með náinni og óslitinni samvinru lögreglu og dómara. Öll rannsókn mála í Reykjavík á því, eins og annarsstaðar á landi hjer, að vera í höndum lögreglustjóra, er hefir dómsvald á hendi. Og þar, sem ekki er um að tala, kostnaðar vegna, að nefndardómstóll dæmi þessi mál, er það brotaminst, að lögreglustjóri felli dóm í þeim, sem hliðstæður dómari öðrum hjeradsdómurum. Það verður ætíð til að tesja málin að skjóta þeim, að lokinni rannsókn, undir dóm lögmanns, því að hann þarf nokkurn tíma til að kynna sjer þau. Og það má ætla, að í lögreglustjórastöðu verði ávalt maður í fremstu röð lögfræðinga, svo að enginn vinningur á það að vera að skjóta mál-

um þessum undir dóm annars einkadómara. Það verður ekki annað sjeð en flest mæli með því, að lögreglustjóri leiði öll opinber mál til lykta í hjeraði.

Um önnur atriði þarf greinin ekki skýringar.

Um 4. og 5. gr.

Ætlast er til, að innheimta allra gjalda sje hjá tollstjóra nema þeirra, sem leiða beint af störfum lögreglustjóra og hagsýni mælir með, að falin sjeu honum.

Um 6. gr.

Athafnalif og bygð er nú að hefjast í verslunarstað þessum, sem löggiltur var með l. nr. 38/1905, og liggur beint við að leggja hann að því leyti, sem greinin ákveður, undir umdæmi Reykjavíkur.

Um 7. gr.

Tala tollvarða verður að fara eftir þörfum. Um önnur atriði, sem greinin mælir fyrir um, þykir eðlilegt, að sjerstök reglugerðarákvæði gildi fyrir Reykjavík, og liggja til þess svo ljós rök, að ekki þarf þau að greina.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir, að landssjóður greiði starfsmönnum þessum föst laun og allan nauðsynlegan skrifstofukostnað, en allar aukatekjur renni í landssjóð. Að almanna áliti ætti sparnaður landssjóðs við að fá aukatekjur þær, er þessum embættum hafa fylgt, að geta numið 80 þús. kr. árlega.

Um 9.—11. gr.

Fyrirmæli 9. gr. eru í samræmi við þá venju, er verið hefir, en 10. og 11. gr. þurfa ekki skýringa.